

**Nr. 086 / 12 Bjartur NK 121*****Skipverji slasast á baki***

Skipaskr.nr. 1278  
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál  
Stærð: 461 brl. 658 brt.  
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m  
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m  
Vél: MaK 1472 kW, 1983  
Fjöldi skipverja: 9



Bjartur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Dagbók skipsins  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

**Atvikalýsing:**

Þann 27. júlí 2012 var Bjartur NK 121 á makrílveiðum með flottroll á Austfjarðarmiðum. Veður: NNA 15 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar fótrepiskeðjan festist aftan við grandaraspilin. Þegar keðjan losnaði kastaðist hún aftur þilfarið og lenti af miklu afli neðarlega í baki eins skipverjans sem var við vinnu um 12 metra aftan við vindurnar. Hann missti jafnvægið, féll í þilfarið og kenndi mikilla eymsla fyrir ofan rófubein. Í samráði við lækni var ákveðið að sigla með slasaða til hafnar í Neskaupstað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að við töku trollsins voru fremri hlutar þess undnir upp á stjórnborðs grandaravindurnar. Belgnum og pokanum var snörllað inn með gilsum. Við útslökun af grandaravindunum lágu höfuðlíman og vængirnir því yfir fótrepiskeðjunni. Þess vegna urðu skipverjar ekki varir við að fótrepiskeðjan rann ekki eðlilega aftur þilfarið en hrúgaðist upp aftan við grandara tromlurnar;
- að lestarlúgan er niðurfelld í þilfarið aftan við grandaravindurnar. Á henni er rafsoðinn 10-15 sm hár hryggur til stýringa á bobbingum fram að grandaravindum. Framan við lúguna myndast rauf í hrygginn;
- að fótrepiskeðjan er 13 mm langleggjakeðja og við skoðun eftir slysið fundu skipverjar út að hún gat farið niður í fyrrgreinda rauf og setið föst. Þessi rauf hefur verið þarna allan tímann sem skipið hefur verið í útgerð

(nær 40 ár) en ekki komið að sök þar sem keðjur í fiskitrolli (botntrolli) eru mikið sverari svo festur höfðu ekki orðið;

- að fjórir skipverjar, tveir sitt hvoru megin á þilfarinu, voru að koma í veg fyrir að höfuðlínan flæktist niður í trollið og fylgdu þeir henni aftur þilfarið við útsökun. Þeir áttu einnig að greiða fyrir fótrepiskeðjunni aftur þilfarið þegar hún færi að renna aftur eftir.
- að flottrollið hafði aðeins verið notað þá fáu túra sem skipið hafði verið á makrílveiðum. Skipstjóri taldi að ekki hafi verið mikil reynsla af notkun þessa veiðarfæris við svona aðstæður enda skipið ekki verið sérstaklega útbúið til flotvörpuveiða.

### ***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til þess að notuð var grennri keðja en venjulega.

### ***Sérstök ábending:***

Nefndin beinir því til skipverja að gera áhættumat þegar skipt er um veiðarfæri og verklag.